

Stjórnarfundur UMSB

04.02.2014 – kl. 20.00

Skrifstofa UMSB, Borgarnesi

Mættir. Pálmi Blængsson, Sigurður Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Aðalsteinn Símonarson, Kristín Gunnarsdóttir og Þórhildur María Kristinsdóttir

Dagskrá fundar:

- Fundargerð síðasta fundar lesin upp.  
Sigurður les fundargerð síðast fundar upp til samþykktar.
- Verkefni í gangi.
  - Ípróttta og tómstundaskóli

Pálmi fór á fund fræðslustjóra vegna tómstundamála og ípróttaskóla.

Fræðslustjóri ætlar að funda með skólastjórnendum. Pálmi fær að fylgjast með gangi mála, en þetta á að taka fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

- Ípróttahátíð UMSB 15.febrúar

Pálmi var búinn að fá Írisi Grönfeldt til að vera kynnir á hátíðinni og hafa yfir umsjón með henni. Nú hefur komið í ljós að ekki er hægt að halda ípróttahátíðina í Borgarnesi eins og til stóð. Framkvæmdum verður ekki lokið fyrr en í mars. Ákveðið er að halda ípróttahátíðinn að Þinghamri í Varmalandi laugardaginn 22. Febrúar.

- Heimasíðan

Pálmi sýnir okkur nýja heimasíðu og hvernig hún virkar. Pálmi sendir inn til aðildarfélaga svo þeir geti skoðað og prófað sig áfram áður en við tökum hana formlega í notkun. Stefnt er að því að taka hana í notkun um mánaðarmótin eða vígja hana á sambandsþingi.

- Reglur ípróttahúsa

Okkur barst fyrirspurn vegna tóbaksnotkunar í ípróttahúsum. Pálmi ræddi við fræðslustjóra um þessi mál og einnig um gæslu í klefum. Þarf að komast á hreint hvort það séu félögin sem eiga að sjá um gæslu í klefum eða starfsmenn. Fá á hreint reglur fyrir starfsmenn og þá sem nota aðstöðuna.

- Íþróttamaður ársins.
  - Verðlaun

Komið verð í verðlaunagripi kr. 33.990 fyrir utan áritun á stórabikar. Veitum verðlaun fyrir 1.-5 sæti í kjörinu auk viðurkenninga fyrir Íslandsmeistara í fyrsta skipti og þá sem valdir eru í landslið í fyrsta skipti. Allir tilnefndir í kjörinu fá viðurkenningu og rós. Veitum einnig Marabonbikarinn fyrir besta tíma í maraþoni á árinu. Allir bikarar eru til eignar nema Aðalbikarinn fyrir 1.sætið er farandgripur..

Ásgeir og Pálmi telja atkvæði.

Talning atkvæða- Úrslit í talningunni:

1. Konráð Valur Sveinsson
2. Helgi Guðjónsson
3. Bjarki Pétursson
4. Harpa Hilmisdóttir
5. Brynjar Björnsson

Viðurkenning v. Íslandsmeistarar í fyrsta skipti

- Benjamín Karl Styrmisson
- Birgitta Björnsdóttir
- Jóhann Páll Oddsson
- Raket Eir Erlingsdóttir

Viðurkenning vegna landsliðssætis í fyrsta skipti

- Konráð Valur Sveinsson

Marabon bikarinn hlýtur Stefán Gíslason fyrir tíma sinn í Reykjavíkumaraþoni 2013.

- Sambandsþing UMSB
  - Fundarboð

Pálmi sýnir okkur fundarboð. Tillaga að fundaboði á 92. Sambandsþing UMSB haldið 8. Mars 2014 í félagsheimilinu Brautartungu kl 10:00. Fundarboðið verður sent út í tölvupósti.

- Tillögur stjórnar

Samþykkt að halda vinnufund stjórnar 19.febrúar kl. 20 á skrifstofu UMSB til að setja saman tillögur stjórnar fyrir þingið.

Ath með umsókn um landsmót 2017 hvort það hafa ekki alveg örugglega verið búið að sækja um.

Aðalstein nefnir nýjan afreksmannasjóð, semja þarf reglur um hann og úthlutun úr honum. Móta reglur um úthlutun úr nýjum afreksmannasjóð UMSB.

Leggja til samþykktar stefnumótun fyrir UMSB til sambandsþings.

Fyrir komulag um framsetningar á lagabreytingum á sambandsþingi rædd.

Hvaða atriði á að taka fyrir og hvernig er best að setja þetta upp.

Leggja fyrir þingið viðauka við samning við borgarbyggð

- Fjárhagsáætlun UMSB

Pálmi og Sigurður fara aðeins yfir stöðu á fjárhagsáætlun sem leggja þarf fyrir sambandsþing.

- Húsnæði leikdeildar Skallagríms

Pálmi les upp bréf frá leikdeild Skallagríms um húsnæðismál. Beðið er um að ath hvernig þetta er á öðrum stöðum. Samþykkt að ath með hvernig það er hjá öðrum til að svara bréfi. Þórhildur ætlar að athuga þessi mál hvernig þeim er háttað hjá UMF. Íslending

- Styrkumsókn

Pálmi les upp styrktarbeiðni frá Sigvari Aroni Ómarssyni Hvanneyringi vegna ferðar hans á vegum AFS til Lettlands. Umsókninni því miður neitað því við eigum ekki sjóð til að sækja þetta í. Pálmi tilkynnir honum ákvörðun stjórnar.

- Önnur mál.

Sigurður og Kristín segja okkur frá fundi UMFÍ. Landsmót og fyrir komulag þess rædd.

Pálmi leggur fyrir okkur samning við KPMG. Stjórnin samþykkir hann. Samningur sendur á stjórnar menn til yfirferðar.

Óskar hjá ÍSÍ býðst til þess að halda felix námskeið fyrir aðildarfélögin. Samþykkt.

Pálmi segir okkur frá boðun á þing frá sérsamböndum. Ákveðið að hvetja aðildarfélögin til að mæta á þingin hjá „sínnum“ sérsamböndum.

Pálmi tilkynnir okkur að við höfum fengið styrk frá UMFÍ fyrir ritun 100 ára sögu UMSB og fyrir ritun sögu Húsafellsmótanna líka. 100.000kr. fyrir hvort verkefni.

Umræður um umhirðu Skallagrímsvallar og hvernig sé best að fá botn í þau mál.

Pálmi er búinn að hitta göngunefnd þeir eru búnir að ákveða göngur fyrir sumarið og fjall ársins. Skilti eru í vinnslu og allt í blóma hjá göngunefnd 😊

- Næstu stjórnarfundir.

19 febrúar næsti fundur kl 20:00 (vinnufundur fyrir þing)

Fundi slitið 23:30

Ritari Þórhildur María Kristinsdóttir